

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Ísfélag V.eyja Þórshöfn Þórshöfn



<b>Dags eftirlits</b>	5.10.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Ísfélag V.eyja Þórshöfn	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Eyraryvegur 16	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6601691219	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Rafn Jónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Kristinn Lárusson	<b>Staðsetning</b>	664973,026 638339,856

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram 3 frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúum rekstraraðila, Rafni Jónssyni og Kristni Lárussyni. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslur og úrbætur sem hafa verið gerðar við frávikum síðustu ára, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið. Að lokum var farið í skoðun um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

#### 1. Rykmælingar og lofthraðamælingar í strompi sbr. grein 2.9 og 2.13.

Ryk í útblæstri verksmiðjunnar er yfir losunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi (100 mg/Nm<sup>3</sup>). Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Nýjustu mælingar eru frá febrúar 2015 og mælist ryk (reiknað að 3% O<sub>2</sub>) á bilinu 138 til 145 mg/Nm<sup>3</sup>. Félag íslenskra fiskimjölsframleiðenda hefur fyrir hönd framleiðenda á fiskimjöli lagt inn erindi til Umhverfisstofnunar um breytingar á starfsleyfum sem heimilaði árlegt heildar rykslepp frá hverri verksmiðju upp á að hámarki 5000 tonn af ryki. Umhverfisstofnun hefur ekki tekið afstöðu til erindisins. Mælingar á ryki í útblæstri hafa ekki verið endurteknaðar.

Lofthraði frá kötlum verksmiðjunnar stjórnast af álagi á verksmiðjuna og stýrist af nema sem skynjar súrefnismagn í útblæstri. Mælingar sem gerðar voru í febrúar 2015 gáfu lofthraða í toppi reykháfs upp á 22,1 m/sek. Þetta uppfyllir kröfur í starfsleyfi.

#### 2. Heildarúttekt á losun mengandi efna sbr. grein 5.2.

Heildarúttekt á losun mengandi efna hefur ekki borist Umhverfisstofnun, en rekstraraðila var gert að skila skýrslu þar um fyrir 1. maí 2016. Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Fram kom á fundinum að enn er eftir að ná sýnum og láta mæla efni í frárennsli á kolmunnvertíð (nóvember/desember) og á loðnuvertíð (febrúar/mars).

#### 3. Árleg mæling á fitu, svífefnum og COD í frárennsli sbr. 3.2.

Árleg mæling á fitu, svífefnum og COD í frárennsli fyrir árið 2016 var gerð í október það ár. Öll mæld efni voru undir losunarmörkum sem sett eru í grein 2.17 í starfsleyfinu.

#### 4. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar sbr. grein 1.5.

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar hefur verið uppfærð og skilað til Umhverfisstofnunar.

#### 5. Viðbragðsáætlun sbr. 4.4

Viðbragðsáætlun byggð á áhættumati sem tekur á viðbrögðum rekstraraðila við hættu á mengun sjávar og viðbrögðum við því ef olía eða lýsi læki úr geymum verksmiðjunnar. Viðbragðsáætlunin hefur verið uppfærð.

#### 6. Staðfesting á að æfingar með flotgirðinu í höfninni séu haldnar á a.m.k. 5 ára fresti sbr. 2.21

Staðfesting á að æfingar með flotgirðinu séu haldnar hafa ekki borist síðan starfsleyfið var gefið út (2014).

#### 7. Útstreymisbókhald og grænt bókhald sbr. grein 3.3

Útstreymisbókhald barst í apríl sl. en grænu bókhaldi var skilað of seint (september sl.) en það skal berast Umhverfisstofnun fyrir 1. maí ár hver. Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin eftirfylgni verður vegna þessa.

Farið var yfir aðrar kröfur í starfsleyfi rekstraraðila. Gæði hráefnis sem berst til verksmiðjunnar er mælt með TVN mælingum, þ.e. magni reikulla basa sem myndast við niðurbrot í fiskholdinu. Í starfsleyfi, grein 3.2 er gerð krafa um daglegar mælingar á TVN gildi og hitastigi hráefnis. Bæta þarf mælingar / skráningar á ástandi hráefnis.

Krafa eru um skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilunum í mengunarvarnarbúnaði. Skráð sé hvenær fitugildirur og olíugildirur eru tæmdar og skráningar á úrgangi sem fellur til við framleiðsluna. Ekki er gerð athugasmedir við þessar skráningar og fram kom að engar kvartanir hafa borist frá síðasta eftirliti.

Vel er haldið utan um skráningar á þrifum samkvæmt hreinlætisáætluninni.

Mælingum á hávaða sbr. grein 3.4 var skilað á réttum tíma.

Staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar sbr. grein 4.6 hefur verið skilað.

Að loknum eftirlitsfundi var gengið um verksmiðjuna. Verksmiðjan var í gangi og samhliða því var unnið að endurbótum á búnaði. Redox-skilja hefur verið fjarlægð til þess að koma fyrir hrognavinnslu í hráefnismóttöku. Verksmiðjan og umhverfi hennar var skoðuð án athugasemda.

#### Frávik frá

ákvæði í grein 2.9 í starfsleyfi.

#### Lýsing á fráviki

Við mælingar á ryki í útblæstri verksmiðjunnar mældust gildi á bilinu 138 - 145 mg/Nm<sup>3</sup>. Starfsleyfi heimilar ryk í útblæstri allt að 100 mg/Nm<sup>3</sup>.

ákvæði í grein 5.2 í starfsleyfi.

Krafa er gerðum að skila beri til Umhverfisstofnunar skýrslu um heildarúttekt á losun mengandi efna frá verksmiðjunni fyrir 1. maí 2016. Þessu er enn ólokið.

ákvæði í grein 3.3 í starfsleyfi

Krafa er um að skýrslu um grænt bókhald verksmiðjunnar sé skilað til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Skýrslan hefur nú borist, barst 22. september sl. Engin eftirfylgni verður af þessu.

#### ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.10.2017



Gottskálk Friðgeirsson